


	Urriðaholtsskóli	
Kennsluáætlun		
3 kennslustundir á viku. 60 mínútur í senn.	<i>Stærðfræði</i> <i>3. – 4. bekkur</i>	
	Kennarar: Ásta Kristín Ingólfssdóttir, Lilja Rún Sigurðardóttir og Sæbjörg Erla Árnadóttir	Skólaárið 2021 - 2022
Tegund	Námsgögn	
Kennslugögn	Sproti 3a og 3b – Nemendabók, Sproti 4a og 4b – Nemendabók. Stærðfræðinámsgögn, kubbar o.fl. Æfingahefti notað eftir þörfum. Námsefni af mms.is og víðar af vefnum. Ýmiss spil og spjaldtölvur.	
Annað	Lýsing	
Kennslufyrirkomulag	Nemendum er skipt í þrjú færnimiðaða hópa. Notast er við fjölbreytt kennslufyrirkomulag, s.s. sýnikennslu, einstaklingsvinnu, stöðvavinnu, hlutbundin vinna, leikir, spil og útikennsla. Hver kennslustund hefst á fimi, þar sem nemendur fá 3x2 mínútur til að reikna dæmi rétt og hratt hugarreikning í samlagningu og frádrætti. Fimi: Með kennslutækninni fimi eru grunnreikniáðgerðir þjálfaðar í gegnum öguð vinnubrögð. Grunnþættir: Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun.	
Markmið	Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Í stærðfræðinámi þurfa nemendur að þróa með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausnir þeirra og leggja mat á niðurstöður. Stærðfræðin hefur líka sína eigin fagurfræði, sem nemendur þurfa að fá tækifæri til að kynna, með því að fást við stærðfræðileg mynstur, form, tengsl og röksemdafærslur frá ólíkum sjónarhornum. (Aðalnámskrá grunnskóla, bls. 208)	
Námsmat Lokanámsmat er í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár. Matskvarði: 5 tákn. Framúrskarandi Hæfni náð Á góðri leið Þarfnast þjálfunar Hæfni ekki náð	<ul style="list-style-type: none"> • Leiðsagnarmat • Símat • Stærðfræðikannanir • Þátttaka og virkni í tímum 	

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar

Dags.	Viðfangsefni	Markmið	Námsmat
23. - 27. ágúst.	Nemendur kynnst	Nemendur kynnst bæði hópi og kennara.	
30. - 3. sept.	Upprifjun Stöðumat	- Rifja upp einfalda samlagningu og frádrátt. - Sjá hvar nemendur eru staddir eftir sumarið.	Könnun
6. - 1. okt. 8. sept. Dagur læsis 15. sept. Skipulagsdagur 16. sept. Dagur íslenskrar náttúru	Samlagning og frádráttur	- Vinna með tölur og fjölda. - Einföld samlagning og frádráttur. - Tugur og eining. - Geyma í samlagningu. - Taka til láns.	
4. - 22. okt. 21. okt Samtalsdagur 22. okt Skipulagsdagur	Mælingar Námundun	- Þjálfist í að vinna með mælieiningar sem tengjast lengd mm, cm, m og km. - Geti breytt sentimetrum í metra og öfugt. - Geti mælt þyngd hluta. - Þekki mælieiningarnar fyrir þyngd s.s. kg og g. - Geti námundað tölur að næsta tug, hundrað og þúsund.	
25. – 29. okt	Hrekkjavökustærðfræði	Stærðfræðihefti.	
1. – 19. nóv. 8. nóv Baráttudagur gegn einelti 16. nóv. Dagur íslenskrar tungu 20. nóv. Dagur mannréttinda barna.	Klukkan	- Geti unnið með tíma og tímahugtök. - Geti reiknað einföld tímadæmi. - Kunni á skífuklukku. - Kunni á tölvuúr.	
22. nóv. – 10. des. 1. des Fullveldisdagur	Margföldun og deiling	- Öðlist skilning á því hvernig margföldun virkar. Að margföldun sé endurtekin samlagning. - Geti reiknað 1-10x töfluna í rúðuneti. - Nemendur átti sig á að deiling sé jöfn skipting og að deiling sé endurtekinn frádráttur. - Kynnist tengslum á milli margföldunar og deilingar. - Kynnist að margfalda tveggja stafa tölum.	
13. – 20. des. 20. des. Jólaskemmtanir 21. - 2. jan. Jólafri	Upprifjun	Upprifjun Miðannarkönnun – úr viðfangsefni annarinnar.	Könnun